



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Fífuhammsvegur við Dalveg og Reykjanesbraut - umferðarljós

Umsókn um framkvæmdaleyfi

Umsögn

Forsendur
Ferill málsins
Athugsemdir og umsagnir
Niðurstaða

12. júlí 2024 /BG
24041420

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

1) Forsendur

Skipulagsfulltrúa barst þann 10. apríl 2024 umsókn Ármanns Halldórssonar deildarstjóra framkvæmdadeildar dags 25. mars 2024 um framkvæmdaleyfi fyrir eftirfarandi framkvæmdum.

Endurnýjun þriggja gatnamóta á Fífuhammsvegi við Dalveg og Reykjanesbraut.

Skipta þarf út eldri umferðarljósabúnaði fyrir nýrri ljósastýrðum.

Um er að ræða óveruleg frávik við breytingar á gatnamótum án þess að gerðar séu breytingar á akstursegnum. Framkvæmdirnar eru umferðartæknilegar endurbætur á gatnamótum í þágu bættis umferðaröryggis og flæðis.


Hægri beygju framhjálaup við Fífuhammsveg – Dalveg er aflagt og miðeyjur breytast.

Framkvæmdirnar fela í sér upprif á núverandi yfirborði þar sem breytingar verða, alla jarðvinnu og allan yfirborðsfrágang.

Framkvæmdasvæðið mun ná frá gatnamótum Fífuhammsvegar og Dalvegar til og með eystri ramp gatnamóta Fífuhammsvegar og Reykjanesbrautar.

Framkvæmdir eru taldar auka öryggi og umferðarflæði um svæðin.

Forsendur í aðalskipulagi



Hluti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2024

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 – Byggð bls 56.

Yfirbragð og markmið

Í fyrra aðalskipulagi (2012-2024) var þróunarsvæðið í Smára, Gláðheimum og Lindum (sunnan Fífuhammsvegar) skilgreint. Uppbygging er hafin á báðum svæðum.

Tenging milli svæða: Stefnt er að því að tengja Gláðheima- og Smárasvæðin betur með a) tengibraut undir Reykjanesbraut og síðar b) yfirbyggingu (loki) yfir Reykjanesbraut með góðum göngu- og hjólastígum ásamt bílaumferð. Sjá umfjöllun í kafla 5.1.2 Gatnakerfi og áætluð þróun umferðar. Framkvæmdir þessar eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og samstarfi við Vegagerðina.

Svæðiskjarni: Smárinn og Gláðheimasvæðið ásamt Lindum liggja miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og eru ásamt Smiðjuhverfi verslunar- og þjónustusvæði Dalvegar og Mjódd skilgreint sem „svæðiskjarni“ í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins Höfuðborgarsvæðið 2015-2040. Jafnframt eru Smárinn og Gláðheimasvæðið skilgreind sem samgöngumiðað svæði/þróunarsvæði í aðalskipulagi þessu með áherslu á þétta blandaða byggð með íbúðum og miðbæjarstarfsemi. Áætlað er að skiptistöð almenningssamgangna, Strætó og Borgarlínu verði í Smáranum og mögulegt spor fyrir lestarsamgöngur með fram Reykjanesbraut síðar. Sjá einnig kafla 2.2.2 um samgöngumiðað skipulag, samgöngumiðað svæði/þróunarsvæði.

Skiptistöð almenningssamgangna/kjarnastöð: Í Smára er og verður mikilvæg tengistöð Strætó og Borgarlínu svokölluð kjarnastöð. Kjarnastöð er mikilvægur tengipunktur við stofnleiðir Strætó og Borgarlínu, ásamt því að hafa góðar tengingar við aðra samgöngumáta. Sjá einnig kafla 5.1.4 Almennings-samgöngur, Strætó og Borgarlína.

Þróunarsvæði í Smára og Gláðheimum er einnig skilgreint sem samgöngumiðað þróunarsvæði.

5.1.3 Göngu-, hjóla- og reiðstígar

Skilgreining landnotkunar: **Vegir, götur, helstu göngu-, reið og hjólastígar og tengd mannvirki, þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegi utan þéttbýlis. (gr. 6.2.m í skipulagsreglugerð Vegir, götur og stígar (VE)).**

Markmið

- Tryggt verði aðgengi allra íbúa að öruggum hjóla- og göngustígum í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur og heimsmarkmið 3.6. um öruggar samgöngur.
- Unnið verði áfram að uppbyggingu göngu-, hjólastígakerfis um bæjarlandið og það tengt við útivistarsvæðin.
- Tryggja skal góðar tengingar stígakerfis milli sveitarfélaga, hverfa og útivistarsvæða.
- Unnið verði áfram að uppbyggingu reiðleiðakerfis innan bæjarlandsins og það tengt við samsvarandi leiðir.

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 – Grunnkerfi 5.1.3

GÖNGU-, HJÓLA- OG REIÐSTÍGAR

Markmið sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Tryggt verði aðgengi allra íbúa að öruggum hjóla- og göngustígum í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur og heimsmarkmið 3.6. um öruggar samgöngur.

Markmið Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Unnið verði áfram að uppbyggingu göngu-, hjólastígakerfis um bæjarlandið og það tengt við útivistarsvæðin.
- Tryggja skal góðar tengingar stígakerfis milli sveitarfélaga, hverfa og útivistarsvæða.
- Unnið verði áfram að uppbyggingu reiðleiðakerfis innan bæjarlandsins og það tengt við samsvarandi leiðir.


Leiðir sem taka mið af mikilvægisgreiningu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Við deiliskipulag nýrrar byggðar verði horft til þess að stígakerfi verði aðgengilegt, öruggt og viðfeðmt í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um öruggar og sjálfbærar samgöngur og heimsmarkmið 3.6. um öruggar samgöngur.

Leiðir Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og tenging við heimsmarkmið:

- Gerð verði úttekt á því hvar er þörf á að bæta aðgengi að útivistarsvæðum, sem og ferðaleiðum, fyrir gangandi, hjólandi og riðandi vegfarendur. 5 ára framkvæmdaráætlun í það minnsta verði gerð í kjölfarið.
- Unnið verði eftir hjóleiðaaætlun fyrir Kópavogsbæ með áherslu á greiðfært og öruggt stofnstígakerfi og öruggar leiðir milli heimilis og skóla.
- Í samvinnu við borgaryfirvöld verði komið á göngu- og hjólatengingu frá Kársnesi yfir Fossvog í samræmi við heimsmarkmið 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Gerður verði útivistarstígur meðfram Elliðavatni. Stígarnir verði í samvinnu við borgaryfirvöld tengdir inn á stígakerfi Reykjavíkur í samræmi við heimsmarkmið 17.17 um skilvirk samstarfsverkefni.
- Stígar í Fossvogsdal um Kársnes, í Kópavogsdal, á Selhrygg og umhverfis Elliðavatn verði auðkenndir og varðaðir með stikum sem sýna vegalengdir til að merkja betur göngu- og hlaupaleiðir um bæjarlandið.

- Markvisst verði unnið að bættri aðstöðu fyrir hjólafólk t.d. með hjólagrindum og hjólaskýlum.
- Gerður verði gönguslóði á hverfisvernduðu (bæjarvernduðu) svæði meðfram Dimmu sem tengist stígakerfi Elliðaárdals við Breiðhóltsbraut.
- Lagðir verði útivistarstígar á Vatnsendaheiði sem tengjast Heiðmörk.
- Byggðir verða upp útivistarstígar á jaðarsvæðum.
- Flokkun hjólastígakerfis í samgöngustíga, útivistar- og tómstundastíga, tengistíga.
- Hjóla- og göngustígar verði aðskildir á stofnleiðum.



2) Ferill máls

Á fundi skipulagsráðs þann 15. apríl 2024 var lögð fram umsókn Ármanns Halldórssonar deildarstjóra framkvæmdadeildar dags 25. mars 2024 um framkvæmdaleyfi og afgreiðslu frestað.

Á fundi skipulagsráðs var erindið lagt fram að nýju þann 6. maí 2024 var samþykkt að grenndarkynna tillöguna. Kynningartíma lauk 26. júní, þrjár umsagnir bárust.

Á fundi skipulagsráðs nr. 166 þann 1. júlí 2024 var lögð fram að nýju að lokinni kynningu umsókn Ármanns Halldórssonar deildarstjóra framkvæmdadeildar dags. 25. mars 2024 um framkvæmdaleyfi skv. 5. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir endurnýjun þriggja gatnamóta á Fífuhvammsvegi við Dalveg og Reykjanesbraut.

3) Athugasemdir og ábendingar. Umsagnir

Á kynningartíma bárust athugasemdir og ábendingar frá:

1. Haraldur Steinþórsson
2. Erlendur S. Þorsteinsson f.h. stjórnar Landsambands hjólréiðamanna
3. Veitur
4. Vegagerðin


1. Haraldur Steinþórsson

-

1.1


Fyrirætlanir um bætt öryggi gatnamóta Dalveg og Fífuhvammsveg, sem settar eru fram í kynningargögnum, eru lofsverðar. Sá galli er þó á hugmyndunum að gert er ráð fyrir að ein gönguleiðin yfir Fífuhvammsveg verði fjarlægð. Hér verða færð fram sjónarmið til að varpa ljósi á af hverju þessi galli er óheppilegur:

- Þau sem eiga erindi yfir Fífuhvammsveg fótgangandi eða rúllandi eru að stórum hluta íbúar Smárahverfis og Hjallahverfis. Íbúarnir koma gjarnan eftir Dalvegi og þá undantekningarlítið að gatnamótunum vestanmegin. Að skerða umferðarflæði fótgangandi með því að þvinga þá til að fara yfir tvenn gatnamót frekar en ein, bara til að spara fólki sitjandi í sófasetti á fjórum hjólum allt að 15 sekúndur, felur í sér ranga forgangsroðun ferðamáta.
- Í skipulagsskilmálum frá mars 2020 segir: „Gert er ráð fyrir að norðan Dalveg verði lagður nýr hjólastígur frá Digranesvegi meðfram núverandi göngustíg til móts við vestur lóðarmörk Dalveg 32. Þaðan er gert ráð fyrir blandaðri umferð hjólandi og gangandi að Nýbýlavegi og tengingu við undirgöng.“ Augljóslega þarf að tengja hjólastíg sem fyrirhugaður er meðfram Fífuhvammsvegi við fyrirhugaðan hjólastíg á Dalvegi (þ.e. spottann milli Digranesveg og Fífuhvammsveg). Það gengur augljóslega ekki upp að stígurinn komi upp að Fífuhvammsvegi norðvestan megin en fari svo yfir hann austan megin.



Umsögn 1.1

Mælingar sýna að ekki er mikill munur á því að fara frekar í undirgögnin ef fólk á leið yfir Fífuhammsveg vestan megin og einnig er gönguþverun vestan megin verri staður til að þvera



Mynd 1 – sama vegalengd



Mynd 2 – 54 metrum lengri leið



Mynd 3 – 40 metrum lengri leið

Undirgöng eru staðsett 100 metrum frá gatnamótum sem er mun öruggari leið fyrir gangandi og hjólandi sem eiga leið að turninum í Smáralind eða áfram í Smárahverfi og lengja leið einungis um 40 metra.

Gönguþverun austan megin er eðlilegri leið til inngangs Smáralindar Vetrargarðsmegin, sem og í víðara samhengi til að tengjast framtíðarhjólastíg (sem gert er ráð fyrir sunnan Fífuhammsvegar samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs). Vestan megin er síðan stutt í undirgöng, því var talið álitalegra að halda gönguleið opinni austan megin.

Þess utan sýna talningar frá 13.3.2023-16.3.2023 að gönguþverunin austan gatnamóta er notuð rúmlega tvöfalt meira af gangandi og hjólandi vegfarendum heldur en þverunin vestan megin.

Markmiðið með nýrri hönnun er fyrst og fremst að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda um gatnamótin. Þverunin austan megin er breiðari en áður og miðeyja hefur að sama skapi verið breikkuð. Var talið að betra væri að hafa eina veglega þverun, heldur en tvær síðri.

2. Erlendur S. Þorsteinsson
f.h. Landsambands hjólréiðarmanna

2.1
25.06.2024

Umsögn um „Umsókn um framkvæmdaleyfi. Fífuhvammsvegur við Dalveg og Reykjanesbraut“

Samantekt:

Landssamtökum hjólréiðamanna (LHM) list vel á hugmyndir um beinan og greiðan hjólastíg meðfram Smáralind en er hugsí yfir því hvernig hann muni tengjast við núverandi og væntanlega hjólastíga austan og vestan megin. LHM óskar eftir fundi með Kópavogsbæ um þessar framkvæmdir einkum m.t.t. þeirra tenginga.

Tilfni:

Fulltrúar Landssamtaka hjólréiðamanna (LHM) sáu eftirfarandi mál


„[...] endurnýjun þriggja gatnamóta á Fífuhvammsvegi við Dalveg og Reykjanesbraut. Skipta þarf út eldri umferðarljósabúnaði fyrir nýrri ljósastryðum. Um er að ræða óveruleg frávík við breytingar á gatnamótum án þess að gerðar séu breytingar á akstursefnum. Framkvæmdirnar eru umferðartæknilegar endurbætur á gatnamótum í þágu bættis umferðaröryggis og flæðis.“

kynnt í Skipulagsgátt <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/604> nýlega eftir að hafa séð það mál áður fyrir tilviljun í fundargerðum Skipulagsráðs Kópavogsbæjar í vor.

Í gögnum þessa máls um umferðarljósabúnað er rætt um nýjan hjólastíg meðfram Fífuhvammsvegi á gatnamótunum við Dalveg, sem tengist óhjákvæmilega hjólastígum í nærumhverfi sínu: Núverandi hjólastígum meðfram Arnarnesvegi og Fífuhvammsvegi milli Rjúpnavegs og Lindarvegs annars vegar og væntanlegum hjólastígum milli Fífuhvammsvegar/Lindarvegs og Þinghóls með komu Borgarlínu hins vegar.

Landssamtök hjólréiðamanna vilja því koma eftirfarandi umsögn á framfæri:

Hjólaleiðir þurfa að vera beinar, greiðar og öruggar og án óþarfa hæðarbreytinga eins og frekast er kostur. LHM list því mjög vel á það að framhjálaupin sunnan megin Fífuhvammsvegar séu fjarlægð og að hjólaleiðin sé bein og greið yfir gatnamótin.



Í gögnum málsins kemur ekki fram svo augljóst sé hvernig umferðarljósum á mótum Hagasmára og hjólastígsins verði háttað en LHM býst við því að sett verði upp nýtískuleg hjólaumferðaljós, eins og eru á gatnamótum Fífuhvammsvegar og Smárahvammsvegar, og að hugað verði mjög vel að greiðri ljósastryngu fyrir hjólandi umferð.



LHM hvetur til þess að hugað verði sérstaklega að lýsingu á hjólastígnum sem og á því framhjáhlaupi sem enn verður á norðausturhorni gatnamótanna að framkvæmdum loknum. LHM vill einnig hvetja til þess að hugað verði sem fyrst að lýsingu undir bílastæði Smáralindar (A) og Reykjanesbraut (B).

Að öðru leyti gerir LHM ráð fyrir að við lokahönnun verði höfð hliðsjón í hvívetna af

„HÖNNUNARLEIÐBEININGAR FYRIR HJÓLREIÐAR

Leiðbeiningar sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðarinnar 19.12.2019“

(eða nýrri útgáfu) og óskar eftir að fá tækifæri á seinni stigum til að rýna hana og senda inn athugasemdir ef við á.

Til mikils er að vinna fyrir grænar og virkar samgöngur, sem styðja við loftlagsmarkmið og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands sem og til þess að reyna að draga úr aukningu á bílaumferð, að þessi hjólastígur meðfram Smáralind hvetji til hjólreiða og tengist vel við núverandi og komandi hjólastíga.

LHM er aðeins huginn yfir því hvernig þær tengingar verða og vill benda á að það geti orðið töluverð áskorun að gera vel. Annars vegar er lítið pláss austan megin meðfram Fífuhammsvegi undir Reykjanesbraut meðfram að- og afreinum hennar og hins vegar eru vestan megin inn- og útkeyrslur við bílastæðahús Smáralindar sem gætu hugsanlega verið varhugaverðar.

Fremur en að endurtaka sig vill LHM hér vísa í heild sinni til erindis sem LHM sendi Skipulagsráði Kópavogsbæjar hinn 24. apríl sl. og innifela í þessari umsögn; sjá tölvupóst

From: Landssamtök hjólreiðamanna

Date: 24 April 2024 at 00:15:15 GMT

Subject: Tengt „Gatnamót Fífuhammsvegjar við Dalveg og Reykjanesbraut“

Ennfremur ítrekar LHM ósk sína úr því erindi um fund með Kópavogsbæ um þessar framkvæmdir hér sem og tengingarnar austan og vestan megin. Mjög nauðsynlegt er að finna góðar lausnir til að forðast krappar beygjur, skarpar hæðarbreytingar og lélegar sjónlínur og LHM vill leggja sitt af mörkum í þeirri umræðu eins og kostur er.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Landssamtaka hjólreiðamanna

Erlendur S. Þorsteinsson

Um Landssamtök hjólreiðamanna

Landssamtök hjólreiðamanna (LHM) eru hagsmunasamtök sem hafa að markmiði m.a. að efla hjólreiðar á Íslandi sem heilsusamlegan lífsmáta og sem samgöngumáta. Öll helstu hjólreiðafélög og -samtök landsins eiga aðild að LHM. Samtökin eru þó ekki aðeins málsvári félagsmanna hinna ýmsu hjólreiðafélaga og -samtaka heldur eru þau jafnframt málsvári allra sem hjóla á Íslandi. LHM er aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólreiðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu. Aðildarfélag ECF er að finna í flest öllum löndum Evrópu. LHM hlaut

Samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar 2012 fyrir virka þátttöku og áhrif í að efla hjólréiðar á Íslandi.

Umsögn 2.1

Spurt er:

„Hvernig mun nýr hjólastígur meðfram Smáralind tengjast við núverandi og væntanlega hjólastíga austan og vestan megin?

..hjólastígur meðfram Smáralind hvetji til hjólréiða og tengist vel við núverandi og komandi hjólastíga. LHM er aðeins hugsi yfir því hvernig þær tengingar verða og vill benda á að það geti orðið töluverð áskorun að gera vel. Annars vegar er lítið pláss austan megin meðfram Fífuhvamsvegi undir Reykjanesbraut meðfram að- og afreinum hennar og hins vegar eru vestan megin inn- og útkeyrslur við bílastæðahús Smáralindar sem gætu hugsanlega verið varhugaverðar. „

Þar sem athugasemd fjallar um svæði utan framkvæmdarsvæðis þá mun umhverfissvið halda fund með LHM þar sem samtal getur átt sér stað um gögnu- og hjólastíga í grennd við framkvæmdasvæðið.

3. Veitur

-

3.1

Veitur gera ekki athugasemdir en óska eftir góðri samvinnu á framkvæmdartíma vegna strengja og lagna sem liggja í og við gatnamótin.

Umsögn 3.1

Haft verður samráð við veitur vegna ofangreinds áður en framkvæmdir hefjast.

4. Vegagerðin

Cecilía Þórðardóttir, verkefnastjóri

4.1

Vegagerðin hefur yfirfarið innsenda umsókn um framkvæmdaleyfi skv. 1 mgr. 30. Gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, og gerir ekki athugasemdir en vill benda á eftirfarandi.

Vegagerðin vinnur samkvæmt umferðaröryggisáætlun stjórnvalda en hún er hluti af samgönguáætlun og er hlutverk hennar að auka umferðaröryggi á Íslandi, fækka umferðarslys og bæta umferðarmenningu. Árið 2010 voru gefnar út leiðbeiningar um gerð umferðaröryggisáætlana fyrir sveitarfélög. Mörg sveitarfélög hafa þegar gert sína umferðaröryggisáætlun og eru sveitarfélög hvött til að fara það eða að sjá til þess að þær séu endurskoðaðar reglulega. Mikilvægt er að góð samvinna sé á milli allra þeirra aðila sem að umferðaröryggismálum koma svo að aðgerðir séu samræmdar og framkvæmdar eins og best verður á kosið.

Teikningar sýna fækkun gönguþverana í plani þar sem vestari gönguþverun yfir Fífuhvamsveg verður fjarlægð. Þessi þverun er nálægt undirgöngum undir veginn. Öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda ætti að vera í fyrirrúmi og Vegagerðin mælir með að óskálínur gangandi og hjólandi á þessum gatnamótum séu skoðaðar sérstaklega til að tryggja að ekki sé verið að fjarlægja gönguþverun sem er í mikilli notkun. Hætta gæti skapast ef óvarðir vegfarendur kjósa að fara áfram yfir götuna á þessum stað eftir breytingar.

Umsögn 4.1

Gönguþverun austan megin er eðlilegri leið til inngangs Smáralindar Vetrargarðsmegin, sem og í víðara samhengi til að tengjast framtíðarhjólastíg (sem gert er ráð fyrir sunnan Fífuhammsveggar samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs). Vestan megin er síðan stutt í undirgöng, því var talið álitalegra að halda gönguleið opinni austan megin.

Þess utan sýna talningar frá 13.3.2023-16.3.2023 að gönguþverunin austan gatnamóta er notuð rúmlega tvöfalt meira af gangandi og hjólandi vegfarendum heldur en þverunin vestan megin.

Markmiðið með nýrri hönnun er fyrst og fremst að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda um gatnamótin. Þverunin austan megin er breiðari en áður og miðeyja hefur að sama skapi verið breikkuð. Var talið að betra væri að hafa eina veglega þverun, heldur en tvær síðri.

4) Niðurstaða umsagnar

Það er mat skipulagsdeildar að framlögð tillaga sé í samræmi við gildandi aðalskipulag Kópavogs og hafi óveruleg umhverfisáhrif. Jafnframt að tillagan sé til þess fallin að auka umferðaröryggi og flæði.

Yfirlit yfir fylgisjöl:

Fylgiskjal 1 - Kynningargögn

GRK – Áfangaskipting á framkvæmdatíma
GRK – Gatnamót
GRK – Skiltayfirlit ný og fráfarandi
GRK – Skýringaruppdráttur á loftmynd
GRK – Snið
GRK – umferðarljós
GRK – Yfirborðsmerkingar

Fylgiskjal 2 – Valkostir skoðaðir 23. mars 2023


Fylgiskjal 3 – Valkostir skoðaðir maí 2024

Fylgiskjal 4 – Athugasemdir og ábendingar sem bárust á kynningartíma

1. Haraldur Steinþórsson
2. Erlendur S. Þorsteinsson f.h. stjórnar Landsambands hjólréiðamanna
3. Veitur
4. Vegagerðin









**Núverandi fyrirkomulag gatnamóta
+ heilstu gængu og hiðaleiðir**

Um gætnadótin liggur stofnstöðug hjólaíðna síki.
aðalskipulagi. Gætnadótin eru í dag eftir yfirferðar fyrir
fóðferndur með heugribyggjufarmhjálauþ; sem þvera þarf
á öllum hömum.

Með hlidsjón af auknu umferðaröryggi gangandi og hjólandi, auknum afköstum bílaumferðar og fegun umhverfis eru hér settar fram tilgátur að breytingum sem hægt væri að fara í samhliða upplýsingu umferðaröryggis.

Á upphætti 2 af 2 eru sjóndar fjórar megin útfærslur sem til græna kærna Ásamt G-áttur:

1. Nálæstur, Umferðarþús endarmjótt, Engu öðu breytt.
2. Hóla og gönguligur sunnan gættarmóta.
3. Hægrirætturfræmjiþáup sunnan megin aflið.
4. Vægrir gönguligur austan megin, engin vestan megin.
5. Gættarmót endurþróun af fræmjiþáup.

Éinnig þó: Hjóla og göngustígur sunnan gatnamóta þar sem austasta akreir af Hagasmára er sameiginleg fyrir hægri bryggju og beint í gegn um gatnamót.

Það eru einnig sjóðar svipaðar **útlærslur** á núverandi gólfmótum annars staðar í borginni.

Það er mat umferðarmáðgjafa að útlærsla 3 sé vænlegust til útlærslu:



til kynningar 23. mars 2023

VSÓ RÁÐGJÖF
vns@fmsi.is 2022 fyrirfarsagættir • greining & uppdrættir OG
bæturáttir A. Jónsson, B. Jónsson, C. Jónsson, D. Jónsson



-  nýr göngustur
-  nýverandi göngustigur
-  nýr göngu- og hjólastigur
-  nýr stofnistigur hjólræða
-  umferðaræjar verða að götufyrirbóri
-  nýtt / endurnýjað fyrirb. gras eða heilvögn



FÍFUHVAMMSVEGUR - DALVEGUR
GATNAMÓT - ENDURNÝJUN UMFERÐARLJÓSA
Frumdrög að mögulegum breytingum akreina og stíga

Updráttur 2 af 2
KOSTIR 0 - 4

til kynningar 23. mars 2023

VSÓ RÁÐGJÖF
 stíð 1 mars 2023 fylk Ráðgjöðar - greining og upplættir: OG
 framfærsla og hluti: Ráðgjöðar - 10/103 - vortu: 23/21



Mál nr. 0604/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0604/2024, Umsókn um framkvæmdaleyfi. Fífuhvammsvegur við Dalveg og Reykjanesbraut (Kynning Breytinga)


Athugasemd:

Fyrirætlanir um bætt öryggi gatnamóta Dalveg og Fífuhvammsvegur, sem settar eru fram í kynningargögnum, eru lofsverðar. Sá galli er þó á hugmyndunum að gert er ráð fyrir að ein gönguleiðin yfir Fífuhvammsveg verði fjarlægð. Hér verða færð fram sjónarmið til að varpa ljósi á af hverju þessi galli er óheppilegur:

- Þau sem eiga erindi yfir Fífuhvammsveg fótgangandi eða rúllandi eru að stórum hluta íbúar Smárahverfis og Hjallahverfis. Íbúarnir koma gjarnan eftir Dalvegi og þá undantekningarlítið að gatnamótunum vestanmegin. Að skerða umferðarflæði fótgangandi með því að þvinga þá til að fara yfir tvenn gatnamót frekar en ein, bara til að spara fólki sitjandi í sófasetti á fjórum hjólum allt að 15 sekúndur, felur í sér ranga forgangsroðun ferðamáta.
- Í skipulagsskilmálum frá mars 2020 segir: „Gert er ráð fyrir að norðan Dalveg verði lagður nýr hjólastígur frá Digranesvegi meðfram núverandi göngustíg til móts við vestur lóðarmörk Dalveg 32. Þaðan er gert ráð fyrir blandaðri umferð hjólandi og gangandi að Nýbýlavegi og tengingu við undirgöng.“ Augljóslega þarf að tengja hjólastíg sem fyrirhugaður er meðfram Fífuhvammsvegi við fyrirhugaðan hjólastíg á Dalvegi (þ.e. spottann milli Digranesveg og Fífuhvammsvegur). Það gengur augljóslega ekki upp að stígurinn komi upp að Fífuhvammsvegi norðvestan megin en fari svo yfir hann austan megin.

Höfundur: Haraldur Steinþórsson/haraldurs@gmail.com

Sent inn þann: 02.06.2024



Mynd úr skipulagsskilmálum árið 2020



Landssamtök hjólréiðamanna

Kópavogsbær
Digranesveg 1
200 Kópavogur

25.06.2024

Umsögn um „Umsókn um framkvæmdaleyfi. Fífuhvamsvegur við Dalveg og Reykjanesbraut“

Samantekt:

Landssamtökum hjólréiðamanna (LHM) list vel á hugmyndir um beinan og greiðan hjólastíg meðfram Smáralind en er hugsi yfir því hvernig hann muni tengjast við núverandi og væntanlega hjólastíga austan og vestan megin. LHM óskar eftir fundi með Kópavogsbæ um þessar framkvæmdir einkum m.t.t. þeirra tenginga.

Tilfni:

Fulltrúar Landssamtaka hjólréiðamanna (LHM) sáu eftirfarandi mál


„[...] endurnýjun þriggja gatnamóta á Fífuhvamsvegi við Dalveg og Reykjanesbraut. Skipta þarf út eldri umferðarljósabúnaði fyrir nýrri ljósaðstýringu. Um er að ræða óveruleg frávík við breytingar á gatnamótum án þess að gerðar séu breytingar á akstursefnum. Framkvæmdirnar eru umferðartæknilegar endurbætur á gatnamótum í þágu bættis umferðaröryggis og flæðis.“

kynnt í Skipulagsgátt <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/604> nýlega eftir að hafa séð það mál áður fyrir tilviljun í fundargerðum Skipulagsráðs Kópavogsbæjar í vor.

Í gögnum þessa máls um umferðarljósabúnað er rætt um nýjan hjólastíg meðfram Fífuhvamsvegi á gatnamótunum við Dalveg, sem tengist óhjákvæmilega hjólastígum í nærumhverfi sínu: Núverandi hjólastígum meðfram Arnarnesvegi og Fífuhvamsvegi milli Rjúpnavegs og Lindarvegs annars vegar og væntanlegum hjólastígum milli Fífuhvamsvegar/Lindarvegs og Þinghóls með komu Borgarlínu hins vegar.

Landssamtök hjólréiðamanna vilja því koma eftirfarandi umsögn á framfæri:

Hjólaleiðir þurfa að vera beinar, greiðar og öruggar og án óþarfa hæðarbreytinga eins og frekast er kostur. LHM list því mjög vel á það að framhjálaupin sunnan megin Fífuhvamsvegar séu fjarlægð



og að hjólaleiðin sé bein og greið yfir gatnamótin.

Í gögnum málsins kemur ekki fram svo augljóst sé hvernig umferðarljósum á mótum Hagasmára og hjólastígsins verði háttað en LHM býst við því að sett verði upp nýtískuleg hjólaumferðarljós, eins og eru á gatnamótum Fífuhvamsvegur og Smárahvamsvegur, og að hugað verði mjög vel að greiðri ljósaðstýringu fyrir hjólandi umferð.

LHM hvetur til þess að hugað verði sérstaklega að lýsingu á hjólastígnum sem og á því framhjálaupi sem enn verður á norðausturhorni gatnamótanna að framkvæmdum loknum. LHM vill einnig hvetja til þess að hugað verði sem fyrst að lýsingu undir bílastæði Smáralindar (A) og Reykjanesbraut (B).



Að öðru leyti gerir LHM ráð fyrir að við lokahönnun verði höfð hliðsjón í hvívetna af

HÖNNUNARLEIÐBEININGAR FYRIR HJÓLREIÐAR

Leiðbeiningar sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðarinnar

19.12.2019

(eða nýrri útgáfu) og óskar eftir að fá tækifæri á seinni stigum til að rýna hana og senda inn athugasemdir ef við á.

Til mikils er að vinna fyrir grænar og virkar samgöngur, sem styðja við loftlagsmarkmið og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands sem og til þess að reyna að draga úr aukningu á bílaumferð, að þessi hjólastígur meðfram Smáralind hvetji til hjólréiða og tengist vel við núverandi og komandi hjólastíga.

LHM er aðeins hugsi yfir því hvernig þær tengingar verða og vill benda á að það geti orðið töluverð áskorun að gera vel. Annars vegar er lítið pláss austan megin meðfram Fífuhammsvegi undir Reykjanesbraut meðfram að- og afreinum hennar og hins vegar eru vestan megin inn- og útkeyrslur við bílastæðahús Smáralindar sem gætu hugsanlega verið varhugaverðar.

Fremur en að endurtaka sig vill LHM hér vísa í heild sinni til erindis sem LHM sendi Skipulagsráði Kópavogsbæjar hinn 24. apríl sl. og innifela í þessari umsögn; sjá tölvupóst

From: Landssamtök hjólréiðamanna <lhm@lhm.is>

Date: 24 April 2024 at 00:15:15 GMT

Subject: Tengt „Gatnamót Fífuhammsvegur við Dalveg og Reykjanesbraut“

Ennfremur ítrekar LHM ósk sína úr því erindi um fund með Kópavogsbæ um þessar framkvæmdir hér sem og tengingarnar austan og vestan megin. Mjög nauðsynlegt er að finna góðar lausnir til að forðast krappar beygjur, skarpar hæðarbreytingar og lélegar sjónlínur og LHM vill leggja sitt af mörkum í þeirri umræðu eins og kostur er.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Landssamtaka hjólréiðamanna

Erlendur S. Þorsteinsson

Um Landssamtök hjólréiðamanna

Landssamtök hjólréiðamanna (LHM) eru hagsmunasamtök sem hafa að markmiði m.a. að efla hjólréiðar á Íslandi sem heilsusamlegan lífsmáta og sem samgöngumáta. Öll helstu hjólréiðafélög og -samtök landsins eiga aðild að LHM. Samtökin eru þó ekki aðeins málsvári félagsmanna hinna ýmsu hjólréiðafélaga og -samtaka heldur eru þau jafnframt málsvári allra sem hjóla á Íslandi. LHM er aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólréiðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu. Aðildarfélag ECF er að finna í flest öllum löndum Evrópu. LHM hlaut samgönguviðurkenningu Reykjavíkurborgar 2012 fyrir virka þátttöku og áhrif í að efla hjólréiðar á Íslandi.

Mál nr. 0604/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0604/2024, Umsókn um framkvæmdaleyfi. Fífuhammsvegur við Dalveg og Reykjanesbraut (Kynning Breytinga)

Athugasemd:

Veitur gera ekki athugasemdir en óska eftir góðri samvinnu á framkvæmdartíma vegna strengja og lagna sem liggja í og við gatnamótin.

Höfundur: Helga Rún Guðmundsdóttir/helgarg@veitur.is

Sent inn þann: 11.06.2024 , **Fyrir hönd:** Veitur

Mál nr. 604/2024
 Umsókn um framkvæmdaleyfi
 Kópavogsbær
 Karlotta Helgadóttir, í umboði fyrir Kópavogsbæ



Efni: Tillaga að breyttu deiliskipulagi í Kópavogsdal, Kópavogsbæ

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar umsókn um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjun ljósastýringa og breytinga á gönguþverunum á gatnamótum Dalvegs, Fífuhammssvegs og Hagasmára.

Vegagerðin hefur yfirfarið innsenda umsókn um framkvæmdaleyfi skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, og gerir ekki athugasemdir en vill benda á eftirfarandi.

 Síða 1/1

Vegagerðin vinnur samkvæmt umferðaröryggisáætlun stjórnvalda en hún er hluti af samgönguáætlun og er hlutverk hennar að auka umferðaröryggi á Íslandi, fækka umferðarslysum og bæta umferðarmenningu. Árið 2010 voru gefnar út leiðbeiningar um gerð umferðaröryggisáætlana fyrir sveitarfélög. Mörg sveitarfélög hafa þegar gert sína umferðaröryggisáætlun og eru sveitarfélög hvött til að gera það eða að sjá til þess að þær séu endurskoðaðar reglulega. Mikilvægt er að góð samvinna sé á milli allra þeirra aðila sem að umferðaröryggismálum koma svo að aðgerðir séu samræmdar og framkvæmdar eins og best verður á kosið.

Teikningar sýna fækkun gönguþvera í plani þar sem vestari gönguþverun yfir Fífuhammsveg verður fjarlægð. Þessi þverun er nálægt undirgöngum undir veginn. Öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda ætti að vera í fyrirrúmi og Vegagerðin mælir með að óskálínur gangandi og hjólandi á þessum gatnamótum séu skoðaðar sérstaklega til að tryggja að ekki sé verið að fjarlægja gönguþverun sem er í mikilli notkun. Hætta gæti skapast ef óvarðir vegfarendur kjósa að fara áfram yfir götuna á þessum stað eftir breytingar.

Vegagerðin
 Cecilia Þórðardóttir

Cecilia Þórðardóttir,
 verkefnastjóri á Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar